

Fimmtudaginn 2. nóvember 1995.

Nr. 299/1994.

Sigurjón Magnús Egilsson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Nielsi Adolf Ársælssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Ærumeiðingar. Ábyrgð á prentuðu máli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi sækir í málinu kröfur vegna svohljóðandi fyrirsagnar við blaðagrein, sem birtist í Dagblaðinu Vísi 1. október 1992: „Sigldi burt og stal tækjum og togspilum“. Í greininni er fjallað um eftirmál af ráðstöfun bátsins Eleseusar, BA 328, við nauðungarsölu 25. júní 1992, en báturinn hafði verið í eigu félags, sem stefndi átti hlut í, og var hann skipstjóri á bátnum. Tók stefndi fyrirsögn greinarinnar til sín.

Undir blaðagreinina var ritað „-sme“. Áfrýjandi var á þeim tíma blaðamaður á Dagblaðinu Vísi. Hann kannast við að hafa samið meginefni greinarinnar og merkt sér hana á þennan hátt.

Í héraði beindi stefndi kröfum að ritstjórum Dagblaðsins Vísis, útgáfufélagi þess og fyrirsvarsmönnum félagsins auk áfrýjanda. Vegna ákvæða 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt voru aðrir en áfrýjandi sýknaðir af kröfum stefnda í hinum áfrýjaða dómi, og hefur stefndi ekki gagnáfrýjað málinu.

II.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi sýknukröfu sína einkum á því, að hann sé ekki höfundur fyrirsagnarinnar, sem kröfur stefnda snúa

að, heldur hafi hún verið samin af fréttastjóra blaðsins og á ábyrgð ritstjóra þess. Áfrýjandi heldur því einnig fram, að upphafsstafir sínir undir blaðagreininni nægi ekki til að telja sig hafa verið nafngreindan þar sem höfund með þeim hætti, sem um ræðir í 15. gr. laga nr. 57/1956.

Áfrýjandi hélt ekki fram þessum málsástæðum fyrir héraðsdómi. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var þeim mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram komnum, að minnsta kosti varðandi aðrar kröfur hans en um refsingu.

Mál þetta er rekið sem einkarefsimál. Gilda sérreglur um slík dómsmál jafnt um refsikröfu stefnda á hendur áfrýjanda sem aðrar kröfur, sem gerðar eru í samlagi við hana í málinu. Standa því ákvæði 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ekki í vegi fyrir, að tekið verði tillit til nýrra málsástæðna áfrýjanda.

III.

Fyrrgreind fyrirsögn, sem kröfur stefnda lúta að, birtist við blaðagrein, sem áfrýjandi viðurkennir að hafa samið og var merkt honum, eins og áður er lýst. Við greinina sjálfa er hvergi að sjá merkingar eða fyrirvara, sem leiði í ljós, að höfundur hennar hafi ekki jafnframt ritað fyrirsögn við hana. Því er ekki heldur haldið fram af áfrýjanda, að almennur fyrirvari sé gerður í viðkomandi tölublaði Dagblaðsins Vísis um, að fyrirsagnir séu ekki á ábyrgð greinarhöfunda.

Að þessu virtu og með tilliti til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 16. febrúar 1995 í máli nr. 122/1992, verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að það geti leitt til sýknu, að sýnt sé fram á, að annar en hann hafi í reynd verið höfundur fyrirsagnarinnar.

IV.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1956 ber höfundur því aðeins ábyrgð á efni blaðs eða tímarits, að hann hafi þar nafngreint sig. Blaðagreinin, sem umrædd fyrirsögn var við, var auðkennd með bókstöfum, sem eru upphafsstafir í fullu nafni áfrýjanda. Frá nafni höfundar var hins vegar ekki skýrt að öðru leyti. Margsinnis hefur verið dæmt, að merking eins og þessi teljist ekki næg nafngreining í skilningi fyrr-

nefnds lagaákvæðis, sbr. meðal annars dóma í dómasafni Hæstaréttar 1977, bls. 375 og 463, og 1978, bls. 126. Skiptir engu í því sambandi, þótt áfrýjandi hafi á þeim tíma, sem greinin birtist, starfað sem blaðamaður á Dagblaðinu Vísi og viðurkennt, að hann sé höfundur hennar.

Vegna þess, sem að framan greinir, verður áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu. Þegar tekið er tillit til þess, að áfrýjandi er sýknaður á grundvelli málsástæðu, sem hann hélt fyrst fram fyrir Hæstarétti, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurjón Magnús Egilsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Nielsar Adolfs Ársælssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 24. mars sl., er höfðað af Nielsi Adolf Ársælssyni skipstjóra, Hamraborg, Tálknafirði, með stefnu, birtri 19. mars 1993, á hendur ritstjórum DV, þeim Ellert Björgvinssyni Schram, kt. 101039-3749, og Jónasi Kristjánssyni, kt. 050240-3559, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Frjálsrar fjölmiðlunar hf., kt. 550282-0469, og útgáfustjórum DV, þeim Sveini Reyni Eyjólfssyni, kt. 040538-7049, og Herði Einarssyni, kt. 230338-5479, enn fremur á hendur Sigurjóni Magnúsi Egilssyni, kt. 170154-3129, fyrrum blaðamanni við DV, en nú ritstjóra Sjómannablaðsins Víkings, svo og á hendur Frjálsri fjölmiðlun hf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu Ellert, Jónas, Hörður, Sveinn Reynir og Sigurjón Magnús sæti þyngstu refsingu að lögum.
2. Að stefndu greiði stefnanda in solidum miskabætur, að fjárhæð 4.600.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. október til greiðsludags, og sé vöxtum bætt við höfuðstól í fyrsta sinn 1. október 1993.
3. Aðallega, að ómerkt verði fyrirsögn á fimm dálka frétt DV, er birtist í 223. tölublaði þess á bls. 4 fimmtudaginn 1. október 1992, svohljóðandi: „Sigldi burt og stal tækjum og togspilum“, – en til vara, að ómerktur verði síðari hluti fyrirsagnarinnar: „ . . . stal tækjum og togspilum“.
4. Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.000.000

kr. til að birta dóminn í fjölmiðlum, og beri tildæmd fjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá uppsögu dóms til greiðsludags, og sé vöxtum bætt við höfuðstól, í fyrsta sinn ári eftir uppsögu dóms.

5. Að stefndu verði dæmdir til þess að birta dóminn með forsendum hans í fyrsta eða öðru tölublaði DV, er út kemur eftir lögbirtingu hans.
6. Að stefndu greiði stefnanda in solidum hæfilegan málskostnað að mati dómsins, og beri tildæmd fjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá uppsögu dóms til greiðsludags, og sé vöxtum bætt við höfuðstól, í fyrsta sinn ári eftir uppsögu dóms.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. mati dómsins.

II.

Málavextir.

Hinn 1. október 1992 birtist í DV grein undir fyrirsögninni: „Sigldi burt og stal tækjum og togspilum“. Var greinin undirrituð upphafsstöfum blaðamannsins, stefnda Sigurjóns Magnúsar Egilssonar, „-sme“. Fjallaði greinin að öðru leyti um ætlaðan þjófnað fyrrum eiganda skipsins á ýmsum tækjum, sem talin voru tilheyrja bátnum Eleseusi, BA 328. Fyrrum eigandi skipsins var ekki nafngreindur í greininni.

Stefnandi, sem var fyrrum eigandi bátsins, sá sem greinin fjallaði um, telur fyrirsögnina og greinina í heild mjög ærumeiðandi fyrir sig, en staðhæfing sú, sem felst í fyrirsögninni, sé ósönn.

— — —

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er blaðamanni, ritstjórum og útgáfustjórum stefnt in solidum til að þola refsingu og stefndu öllum til að þola ómerkingu ummæla, til greiðslu miskabóta og kostnaðar við birtingu dóms og til að birta dóm auk greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefndu hefur „sólídarískri“ ábyrgð ekki verið mótmælt.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. prentлага nr. 57/1956 ber höfundur refsí- og fébótaábyrgð á efni, sem birtist í blöðum og tímaritum, hafi hann nafngreint sig. Sé höfundur ónafngreindur, ber útgefandi rits og/eða ritstjóri þess ábyrgðina, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Er ljóst af orðalagi laganna, að höfundur ber einn ábyrgð á skrifum sínum, sé hann þekktur, og reynir þá ekki á ábyrgð ritstjóra eða útgefanda. Er ekki fallist á, að stefndu geti samið sig undir sólídaríska ábyrgð, hvorki beint né óbeint.

Blaðamaðurinn, sem ritaði greinina, stefndi Sigurjón Magnús Egilsson,

merkti greinina með upphafsstöfum sínum. Af hans hálfu hefur því ekki verið haldið fram, að hann hafi ekki tilgreint sig nægilega, og er ekki á slíku byggt. Þykir mega líta svo á, að höfundur, sem var starfandi blaðamaður, hafi auðkennt sig nægilega með því að setja upphafsstafi sína undir greinina, sbr. 1. mgr. 15. gr. 1. nr. 57/1956. Af því leiðir, sbr. það, sem að framan er sagt, að sýkna ber aðra stefndu af öllum kröfum stefnanda, en 17. gr. 1. nr. 57/1956 verður því aðeins beitt, að útgefandi og/eða ritstjóri sé dæmdur til greiðslu sekta, fébóta eða annarra fjárútláta skv. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Aðalkrafa stefnanda er sú, að ómerkt verði fyrirsögn blaðagreinarinnar: „Sigldi burt og stal tækjum og togsþilum“, en til vara, að ómerktur verði síðari hluti fyrirsagnarinnar: „... stal tækjum og togsþilum“.

Stefnandi var eigandi og skipstjóri þess skips, sem fjallað er um í greininni, áður en það var selt á uppboði. Þótt hann sé ekki nafngreindur sjálfur, er skipið nefnt með nafni og birt af því mynd. Þá er ljóst við lestur greinarinnar, að fyrirsögnin vísar til fyrrverandi eiganda skipsins. Má fallast á það með stefnanda, að þeir, sem til hans þekkja, hafi mátt vita, við hvern var átt, auk þess sem auðvelt mun hafa verið að afla sér upplýsinga um það.

Það liggur fyrir og er ómótmælt, að stefnandi sigldi skipinu burt, og verður aðalkrafan þegar af þeim sökum ekki tekin til greina.

Sú fullyrðing, sem fram kemur í síðari hluta fyrirsagnarinnar, er ósönnuð og felur í sér grófa og ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda, sem varðar við 235. gr. 1. nr. 19/1940. Ber því að ómerkja þann hluta fyrirsagnarinnar með vísan til 1. mgr. 241. gr. 1. nr. 19/1940.

Framangreind ummæli eru refsiverð, og þykir refsing hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 15.000 kr., en til vara komi fimm daga varðhald.

Stefnandi þykir eiga rétt á nokkrum miskabótum skv. 1. mgr. 264. gr. 1. nr. 19/1940, en við ákvörðun þeirra ber að líta til þess, að stefnandi var ónafngreindur í greininni, svo að ætla má, að vitneskja um, að fyrirsögn greinarinnar vísaði til hans, hafi aðeins borist takmörkuðum hópi lesenda blaðsins, auk þess sem ljóst mátti vera við lestur greinarinnar sjálfrar, að hann var einvörðungu grunaður um ávirðingar þær, sem settar voru fram í fyrirsögninni sem staðhæfing. Þykja miskabætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar 30.000 kr.

Stefndi skal með vísan til 1., sbr. 2. mgr. 22. gr. 1. nr. 57/1956, birta dómsorð ásamt forsendum í fyrsta eða öðru blaði DV, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi skal með vísan til 2. mgr. 241. gr. 1. nr. 19/1940 greiða stefnanda 30.000 kr. til að standa straum af birtingu dómsins í fjölmiðlum, og ber sú

fjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum aðfararfresti í máli þessu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 100.000 kr., sem ber dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Málskostnaður, hvað varðar aðra stefndu í málinu, fellur niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu Ellert Björgvinsson Schram, Jónas Kristjánsson, Sveinn Reynir Eyjólfsson, Hörður Einarsson og Frjáls fjölmiðlun hf. skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður, hvað þá varðar, fellur niður.

Eftirgreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk: „... stal tækjum og togsþilum“.

Stefndi Sigurjón Magnús Egilsson greiði sekt í ríkissjóð, 15.000 kr., en sæti ella 5 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi Sigurjón Magnús Egilsson greiði stefnanda, Nielsi Adolf Ársælssyni, 30.000 kr. í miskabætur.

Stefndi Sigurjón Magnús Egilsson skal birta dómsorð ásamt forsendum í fyrsta eða öðru tölublaði DV, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi Sigurjón Magnús Egilsson greiði stefnanda 30.000 kr. til að standa straum af birtingu dómsins í fjölmiðlum, og ber fjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi Sigurjón Magnús Egilsson greiði stefnanda, Nielsi Adolf Ársælssyni, 100.000 kr. í málskostnað.